



RIMASKÓLI

Rósarimi 11
112 Reykjavík
Sími: 4117720

Kynjafræði, jafnréttisfræðsla í grunnskóla



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2014

Nafn skóla: Rimaskóli

Heiti verkefnis: Kynjafræði, jafnréttisfræðsla í grunnskóla

Verkefnastjóri: Helgi Árnason skólustjóri Rimaskóla og Jónína Ómarsdóttir kennari

Árið 2013-2014

Markmið verkefnisins

Markmið þessa verkefnis var að efla fræðslu og umræðu um jafnréttismál meðal unglinga og fá þá til að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum óháð kyni, kynþáttum, eða kynhneigðum og kenna þeim umburðarlyndi fyrir margbreytileika mannkynsins. Einnig að auka skilning nemenda á sjálfum sér og þeim tilfinningum sem bærast með þeim, hvernig koma skal fram við aðra og hvað þau samskipti hafa að segja fyrir þá og aðra.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Allir nemendur í 8.-10.bekk fengu einn tíma í stundatöflu í kynjafræðslu hjá kennaranum sem sá um verkefnastjórnina.

Kennsla var að mestu leyti með innlögn kennara, ýmsu myndefni, í umræðuformi, bæði í litlum hópum og stórum. Einnig voru álitamál send sem heimavinna og sendi kennari þá foreldrum umræðuefni sem þeir áttu að ræða við barnið sitt. Mikilvægt var að allir hefðu rétt á sinni skoðun og gætu rökstutt hana.

Nemendur fengu fræðslu um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Reynt var að auka skilning nemenda á sjálfu sér og þeim tilfinningum sem bærast með þeim, hvernig koma skal fram við aðra og hvað þau samskipti hafa að segja fyrir það og aðra. Nemendur fengu fræðslu um sjálfsímynd og mikilvægi hennar fyrir manninn og kynheilbrigði hans og þeim sýnt fram á að sjálfsvirðing er forsenda þess að við getum borið virðingu fyrir öðrum og gerir mönnum kleift að mynda sambönd sem einkennast af heiðarleika, hreinskilni og óeigingjörnu atferli.

Þeir fengu fræðslu um líkamlegar og andlegar breytingar á kynþroskaskeiðinu. Einnig var farið í líkamsímynd og útlistdýrkun og skoðað hvort munur væri á eftir kyni, rætt um klám og klámvæðingu, vændi og mansal.

Nemendur fengu fræðslu um mismunandi kynhneigðir og mikilvægi þess að fólk sé alls konar og bera eigi virðingu fyrir því.

Farið var yfir hugtök eins og kyngervi, karlmennska og kvenleika, femínisma og kynbundið ofbeldi. Rætt var um mótandi skilaboð í umhverfinu og tvískipta markaðssetningu á t.d. leikfangamarkaðinum. Nemendur fengu upplýsingar um jafnréttislögin og þeir fengnir til að velta fyrir sér stöðu kynjanna í samfélaginu og fá hæfni til gagnrýni á „skaðlega menningu“. Einnig var rætt um staðalímyndir og fordóma og hvað hægt sé að gera til að koma í veg fyrir að fólk verði fyrir slíku.

Að lokum fengu allir nemendur fræðslu um kynsjúkdóma, meðgöngu, barneignir, foreldrahlutverkið og þeir fengu tækifæri til að annast ungbarnahermir eina helgi með öllu því sem tilheyrir að leggja til hliðar sínar þarfir og sinna „barni“. Í þessu verkefni sinntu strákar jafnt á við stelpur umönnun „ungabarnsins“ sem er mjög verðugt jafnréttisverkefni til framtíðar því barn á rétt á því að báðir foreldrar komi að uppeldi þess.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Engin frávik voru við áætlun verkefnisins þar sem farið var hægt af stað og nægur tími gafst í vinnu með nemendum og kennari vann einn að framkvæmd verkefnisins.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins eru þær að til að geta sett einn tíma í stundatöflu nemenda í kynjafræði þurfti að taka einn tíma af náttúrufræðikennslu í staðinn. Best væri að fjöldi tíma í náttúrufræði myndi halda sér og kynjafræðin væri viðbót.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningurinn var að nemendur voru meðvitaðri um stöðu kynjanna, þjóðfélagsbrota, jafnréttindi og mannréttindi. Þeir geta gagnrýnt umhverfið og móttandi skilaboð sem eykur gagnrýna hugsun og eru upplýstari um margbreytileika mannkynsins og hvernig eigi að umbera hann og lifa þannig í sátt og samlyndi í samfélaginu

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið var skemmtilegt og bæði nemendur og foreldrar sem tóku þátt í umræðuefnum voru áhugasamir og duglegir að láta skoðanir sínar í ljós. Verkefnið var því mjög lifandi og náði langt út fyrir byggingu skólans.

Niðurstöður verkefnisins

Eftir kynjafræði og jafnréttisfræðslu eru nemendur í unglingadeild Rimaskóla meðvitaðri en áður um ýmis jafnréttismál. Þeir hafa fengið tækifæri til að velja sér viðfangsefni sem halla ekki á kynin og eru duglegir að benda á það ef þeir eru settir í einhver sérstök kynjahlutverk. Til dæmis bað Stöð 2 um viðtal við tvo nemendur sem tóku þátt í verkefninu „Hugsað um barnið“ og að sjálfsögðu kom ekkert annað til greina hjá nemendum en að það væri ein stelpa og einn strákur sem færu í viðtalið. Það er líka gaman að segja frá því að þegar myndatökumaðurinn bað þessa nemendur um að sýna sér hvernig þeir hefðu hugsað um barnið t.d. í tómstundaherbergi skólans þá bað hann stelpuna um að sýna sér hvernig ætti að skipta á bleyju á barninu, en hann bað strákinn um að leika sér í snóker með barnið hjá sér. Nemendurnir voru ekki lengi að benda á þetta misræmi og vildu frekar snúa þessu við til að brjóta niður þá staðalímynd kynjanna á umönnun barna að karlmaðurinn léki við börnin en konurnar hugsi um börnin.

Nemendur Rimaskóla eru duglegri en áður að horfa með gagnrýnni augum en áður á móttandi skilaboð í umhverfinu með því að horfa á lífið í gegnum „kynjagleraugu“ og eru meðvitaðri um áhrif staðalímynda á líf einstaklinga. Svo langt komust nemendur í jafnréttishugsuninni eftir þessa fræðslu að sumir vildu t.d. ekki svara spurningunni hvort þeir væru stelpa eða strákur í hinum ýmsu skoðanakönnunum sem eru lagðar fyrir þá, því þeim fannst að það ætti ekki að skipta máli hvaða kyn þeir væru. Nemendur Rimaskóla vita líka að vanþekking getur leitt af sér fordóma og nemendur eru meðvitaðri en áður um

margbreytileika mannkynsins og hafa áhuga á að temja sér umburðarlyndi gagnvart fólki óháð kyni, kynþáttum, eða kynhneigðum. Verkefnið er í áframhaldandi þróun og áfram verður haldið að vinna með kynja- og jafnréttisfræðslu í unglिंगadeild Rimaskóla.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið verður kynnt fyrir kennurum 7.bekkjar sem gætu nýtt sér sum verkefni og umræðuefni fyrir sína nemendur.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi eru hluti af lykilatriðum nýrrar aðalnámskrár og því mikilvægt að nemendur fái kynja- og jafnréttisfræðslu. Með markvissri fræðslu og umræðu er hægt að gefa ungu fólki tækifæri til að taka ákvarðanir varðandi framtíð sína óháð kyni. Við þökkum kærlega fyrir styrkinn sem gerði okkur mögulegt að sinna þessu verkefni með jafn góðum hætti og okkur finnst.

Jónína Ómarsdóttir
náttúrufræðikennari Rimaskóla